



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FUNDUR MEÐ FORSETA FRAKKLANDS

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, átti síðdegis í dag fund með François Hollande, forseta Frakklands, í Elysée höll þar sem rætt var um aukna samvinnu á Norðurslóðum, nýtingu hreinnar orku, glímuna við fjármálakreppuna í Evrópu og reynslu Íslendinga á undanförunum árum.

Forseti Frakklands lýsti miklum áhuga á þeim árangri sem Íslendingar hefðu náð í kjölfar bankahrunsins og rakti forseti Íslands að aðferðir Íslendinga hefðu á ýmsan hátt verið aðrar en beitt hefði verið á síðustu árum í Evrópu og fyrir tveimur áratugum í fjármálakreppunni í Asíu. Leitast hefði verið við að verja eftir föngum velferðarkerfið, heilbrigðisþjónustu og menntun. Auk þess hefði áhersla verið lögð á umbætur á sviði stjórnsýslu og lýðræðis, sem og eflingu réttarkerfis enda hefði fjármálakreppan haft í för með sér margvíslegan þjóðfélagslegan vanda.

Forseti Frakklands sagði að mikilvægt væri að ræða þá lærdóma sem önnur Evrópuríki gætu dregið af þróun mála á Íslandi en glíman við fjármálakreppuna setur um þessar mundir mjög svip sinn á frönsk þjóðmál og stöðu Evrópu.

Þá ítrekaði forseti Frakklands vaxandi áhuga franskra stjórnvalda og vísindasamfélags á þróun Norðurslóða en í fyrra voru undirritaðir samningar um rannsóknarsamstarf franskra og íslenskra háskóla á þessu sviði. Forseti Íslands fagnaði áhuga Frakka á málefnum Norðurslóða sem m.a. hefði birst í tveimur heimsóknum sérstaks sendimanns Frakklandsforseta, Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra, til Íslands á undanförunum árum.

Þá kom fram að viðskipti Íslands og Frakklands sem og víðtækt samstarf á sviði menningar og lista væru sem áður burðarásar í samskiptum landanna. Fjöldi franskra ferðamanna til Íslands hefur tvöfaldast á nýliðnum árum og bækur íslenskra rithöfunda njóta vaxandi hylli meðal franskra lesenda.

Forseti Íslands vakti jafnframt athygli á fjölþættum tækifærum í samvinnu á vettvangi orkumála, ekki síst varðandi hugsanlega nýtingu jarðhita í Frakklandi, enda yrði m.a. fjallað um þau efni á ráðstefnu sem Fransk-íslenska verslunarráðið efnir til í París síðar í vikunni.

Fundinn í Elysée höll sátu jafnframt Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra Íslands í Frakklandi, Örnólfur Thorsson forsetaritari, Marc Bouteiller, sendiherra Frakka á Íslandi, og embættismenn forseta Frakklands.

Eftir fund sinn með forseta Frakklands heimsótti forseti einnig báðar deildir franska þingsins og átti fund með Íslandsdeild franskra þingmanna sem Lionel Tardy veitir forstöðu.

*Myndir frá fundum forseta í dag má nú nálgast á heimasíðu embættisins.*

26. febrúar 2013

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*